

vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Við beitingu 3. málslíðar 4. gr. þessarar reglugerðar skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980, lög nr. 80/1980, lög nr. 82/1981 og lög nr. 79/1982 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 1983. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 19/1982, nr. 143/1982, 228/1982 og 462/1982.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald, sbr. reglugerðir nr. 234 30. apríl 1981 og 244 8. maí 1981 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 83,33% heildsöluverðsins. Svarar það til 5,83% og 14,17% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.